


ðmundsson skrifar frá Düsseldorf



„ÁN TITILS".



„TURNSPÍRUR"



STEINHÚS)".

sýningarinnar), það er breytileikinn á milli lífrænna (organískra) forma og ólífrænna, sem hann hugleiðir í verkum sínum." Í stað þess að taka sítrónu, steypa í stækkaðri útgáfu mynd hennar, grípur hann til plast-eftirlíkingar undan sítrónusafa.

Sýningin í Kunstsammlung Nordrhein-Westfalen fór fram í þeim sal húsbyggingarinnar, sem ætlaður er skipti- og farandsýningum. Þar er óskaplegt rugl á lofthæðinni — a.m.k. 12 m skv. ágizkun, ef ekki meira — rýmið hentar líklega betur loftfimleikum heldur en myndlist. Verk Craggs, níu skúlptúrar á gólfi, gátu í ókunnra augum allt eins verið eftir jafn marga höfunda hvað mismunandi útlit og efni snerti. Listamaðurinn segist sífellt vera að leita að nýjum tengingum og myndtáknum til þess að geta tjáð betur viðbrögð sín gagnvart umheiminum. Í þessu samhengi er hægt að nefna verk, sem ýmist er kallað „Regla" eða „Trilobite".


Trilobite = „Þríbroti, heiti tegundar aldauða undirfylkingar eða flokka liðdýra; finnast sem steingervingar í sjávarseti fornlífsaldar," segir orðabókarskýring.

Áhugi listamannsins á uppvaxtarárunum (jarð-, líffræði o.fl.) skýtur þarna upp kollinum; í æsku hafði Cragg einmitt safnað steingervingum, sem löngu seinna urðu kveikja að listaverkum. — Steingervingar eru leifar frá þróun lífsins á jörðinni; og sorpleifar mannvistar frá ýmsum og mismunandi myrkum öldum veita ekki ósvipaðar upplýsingar. Það er óneitanlega breitt bilið á milli steingervinga og plastefna, en hugleiðingarinnar samt virði, hvar eru tengsl og eðlilegt samhengi.

Í upphafi greinar var minnzt á að verk eftir Cragg hefði í fyrrasumar farið í taugarnar á mörgum Íslendingum: Ess-lagað form, myndað af sorphlutum, liggjandi á gólfi, skilst undirrituðum. Hvað á að segja?

Það er komið árið 1990 þegar þessar línur birtast — og það er kominn tími til þess að margir Íslendingar láti af allri sveita mennsku gagnvart listinni, og menningu yfirleitt. Listin er eins konar verkfæri eða aðferð til þess að festa í mynd, það sem innra býr með listamanninum, draga út úr hólfum hugarfylgsnanna hvaðeina það, sem bundið er við abstraktar hugmyndir. Hvaða efni listamaðurinn kýs að nota við útfærsluna, er alfarið hans eigið mál. Það er haft eftir Poul Cézanne árið 1904, að listin búi í höfðinu á listamanninum. Það er einnig vitað, frá tímabili ítölsku endurreisnarinnar, að listin er af andlegum toga sprottin:

Arte é cosa mentale.



GUÐNÝ MAGNÚSDÓTTIR Morgunblaðið/Árni Sæberg

Sættir listamanns og leirs



FJALLAHRINGUR. Hæð 55 sm og ummál tveir metrar.

„Ég nota oftast leir af því leirinn svarar mér þannig. Mér hefur alltaf fundist það ákveðin hvatning að horfa á hann sem jörð; við göngum á leirnum, erum stöðugt í námunda við hann og hverfum aftur til hans þegar lífi okkar lýkur. Í víðum skilningi finnst mér jörð og leir vera það sama," segir Guðný Magnúsdóttir listakona, sem opnar sýningu á leirverkum sínum í vesturforsal Kjarvalsstaða í dag, laugardaginn 27. janúar.

Verkin eru unnin út frá náttúruupplifunum á víðara landslagi og stærri formum í náttúrunni, en ég leyfi mér að setja vídd landslagsins í ýmis form, stærri eða minni. Víður fjallahringur, birtan og svartur sandurinn, hreinleikinn og tilfinninginn fyrir náttúruöflunum höfða sterkast til mín.

Það er ekki bara þetta fasta efni, heldur upplifunin á andstæðunum sem ég verð fyrir áhrifum af. Mér finnst gaman að spila með dimma og bjarta eða sterka liti, eins og svartan lit hraunsins og blámann í fjarlægðinni.

Vídd og harka hafa alla tíð verið sterk í minn vitund og mér finnst efnið leir segja mér um þetta. Ef ég væri með eitthvert annað efni, gæti ég ímyndað mér að viðfangsefnið væri annarskonar – og þó ekki.

GUÐNÝ MAGNÚSDÓTTIR MYNDLISTARKONA MEÐ LEIRVERKASÝNINGU Á KJARVALSSTÖÐUM

Leirinn er erfitt efni, en það er gaman að eiga við hann. Það sem er erfitt við leirinn er að hann hefur tilhneigingu til að stjórna sér sjálfur ef þú ræður ekki við hann, en til þess að geta beislað hann þarftu að búa yfir ákveðinni kunnáttu. Þú verður samt alltaf að lúta lögmálum hans og ef kunnáttan dugar ekki þarftu að koma á sáttum við hugmyndina og þannig getur verkið öðlast sitt eigið líf."

Hvers vegna valdirðu leir frekar en eitthvert annað efni?

„Mig langaði mest í skúlptúrdeildina í Myndlista- og handíðaskólanum en á þeim tíma sem ég var þar var skúlptúrdeildin lítið aðlaðandi. Hún var nýbúin að fá húsnæði, illa búin tækjum og ég hefði verið eini nemandinn. Árið eftir fóru reyndar tveir í skúlptúr, þau Rúrý og Níels Hafstein. Ég fór því í keramíkdeildina, hafði kynnst keramíkinu í starfskynningu hjá Glit áður en ég byrjaði í skólanum, og fannst leirinn bæði skemmtilegur og komast næst því sem mig langaði að gera."

Guðný fór til Finnlands sex árum eftir að hún lauk skólanum, í byrjun áratugarins, og starfaði þar á vinnustofu með finnskum listakonum ásamt því að sækja framhaldsmenntunarnámskeið. „Það var gott að vera í Finnlandi á þessum tíma enda að byrja sú gróska sem verið hefur þar í myndlistarlífinu allan þennan áratug. Opinberir aðilar í Finnlandi kaupa nú meira af myndlist og safnarar og fyrirtæki fjárfesta í myndlist þó almenningur þar kaupi minna en almenningur hér gerir. Hérlend fyrirtæki og stofnanir mættu alveg gera meira af því að fjárfesta í myndlist, sérstaklega myndlist ungra listamanna. Finnar eru framsæknari og hafa söfn keypt verk íslenskra listamanna, þó fæst séu mjög stór söfn. Hér þurfa myndlistarmenn aftur á móti að fá ákveðinn öryggisstimpil áður en nokkur þorir að kaupa af þeim."

Guðný segir það vera þroskandi og eiginlega nauðsynlegt að fara og vinna utan heimahaganna. „Maður fær nýja vídd og skilning á því sem maður er að gera. Íslensk náttúra spilar mikið í mínum verkum og dvölin í Finnlandi varð ekkert til að draga úr því heldur varð finnsk náttúra frekar til að framkalla náttúruáhrif sem ég hafði orðið fyrir á Íslandi."

Á meðan Guðný var í Finnlandi tók hún þátt í þó nokkrum samsýningum og hélt tvær einkasýningar, en þó nokkur ár séu síðan hún fór þaðan hefur hún ekki sagt alveg skilið við landið og sýndi þar síðast í fyrra ásamt Rögnu Róbertsdóttur og Kristjáni Guðmundssyni. Guðný hefur einnig tekið þátt í samsýningum í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Frakklandi auk þess sem hún átti verk á sýningunni „Scandinavia Craft Today" í Bandaríkjunum og Japan. Guðný, er nauðsynlegt fyrir íslenska listamenn að sýna erlendis?

„Já, ég tel það nauðsynlegt, en þó ekki aðeins fyrir mann sjálfan heldur finnst mér brýnt að kynna íslenska myndlist erlendis. Það er ánægjulegt að vera þátttakandi í því, ef íslenskir myndlistamenn ná að skapa sér nafn erlendis er það ánægjulegt því það víkkar þeirra starfsvettvang. Íslenskir myndlistamenn eru margir hverjir mjög góðir og mikil fjölbreytni í verkum þeirra. Enda eru margir þegar orðnir þekkt nöfn á Norðurlöndunum og víðar."

Sýningin er sjötta einkasýning Guðnýjar. Hún opnar í dag kl. 14 og stendur til 11. febrúar.

•

MEO